

MYNDIR: GUÐMUNDUR INGÓLFSSON

**Hápunktur fjörsins á kránni þegar Marcello kyssir Musettu**
*Viðar Gunnarsson, Hlín-Pétursdóttir, Bergþór Pálsson, Kolbeinn J. Ketilsson, Auður Gunnarsdóttir og fleiri.*

Óperа

# Mikið fjör

Einhvern tíma var því fleygt að La Bohème eftir Puccini hlyti að vera grínópera, því ein aðalsögupersónan þjáist af tæringu en syngur samt fullum hálsi fram í andlátið. Vissulega kemur margt skondið fyrir í óperunni, enda er bakgrunnur hennar bóhemlíf listamanna í Latínuhverfinu í París. Þetta er þó fyrst og fremst harmleikur sem fjallar um ástir skálds og dauðvona stúlku og er ein vinsælasta ópera allra tíma. Enda er tónlistin snilldarleg og eru sum atriðanna með því fegursta sem heyrist.

La Bohème var frumflutt í Íslensku óperunni á föstudagskvöldið og voru í aðalhlutverkum þau Kolbeinn J. Ketilsson sem skáldið Rodolfo og Auður Gunnarsdóttir sem hin dauðvona Mimi. Kolbeinn hefur glæsilega tenórrödd, einstaklega þýða en hljómmikla, og sumt sem hann söng var ákaflega fallegt, sérstaklega ástardúett hans og Mimiar og hið harmi þrungna lokaatriði. Kolbeinn býr yfir persónutöfrum sem nýtast honum vel á sviði og er ljóst að hér er á ferðinni magnaður tónlistarmaður sem á eftir að kveða að.

Auður Gunnarsdóttir var einnig trúverðug í sínu hlutverki, þó lélegur hljómburðurinn hafi ekki skilað rödd hennar nægilega vel til áheyrenda. Hún hefur einkar vel mótaða og góða rödd og frammistaða hennar var oft stórfengleg. Sama má segja um alla helstu leikarana. Bergþór Pálsson var stórskemmtilegur sem málarinn Marcello og Ólafur Kjartan Sigurðarson var afar sterkur í hlutverki tónlistarmannsins Schaunards, Hlín Pétursdóttir var sannfærandi sem daðurdrósin Musetta og Viðar Gunnarsson og Sigurður Skagfjörð Steingrímsson skiluðu sínum hlutverkum ágætlega.



**Rodolfo og Mimi**
*Kolbeinn J. Ketilsson og Auður Gunnarsdóttir.*

## Glæsilegt atriði

Leikstjórn Jamie Hayes var einstaklega glæsileg, og hið litla rými sem Íslenska óperan hefur upp á að bjóða var fullnýtt. Sviðið býr aðeins yfir tveimur víddum en með því að láta leikinn berast um allan salinn oftar en einu sinni skapaðist nægileg þrívídd til að sýningin lifnaði við. Var þetta svo vel gert að manni leið eins og þátttakanda í sögunni, og atriðið þegar trommuleikari og blásarar marseruðu meðal áheyrenda í hápunkti annars þáttar var eitt hið glæsilegasta sem sést hefur á óperusviðinu hérlendis.

Um hljóðfæraleikinn er það að segja að hann var kraftmikill og hreinn, ennfremur blandaðist hljómsveitin prýðilega við raddir söngvaranna og var hljómsveitarstjórinn, Tugan Sokhiev, greinilega með allt sitt á hreinu. Eini gallinn var stundum óhreinn og viðvaningslegur söngur Kórs Íslensku óperunnar, en barnakór Tónmenntaskóla Reykjavíkur vó þar upp á móti.

Búningarnir sem Þórunn María Jónsdóttir hannaði voru yfirleitt sannfærandi og fallegir og féllu vel að leikmynd Finns Arnars Arnarsonar, sem var lífleg og glæsileg í alla staði. Manni varð starsýnt á þokukennda myndina af veginum í kuldalegri byrjuninni á þriðja þætti, sem í samspili við dularfulla og fjarræna tónlistin gaf ímyndurnaraflinu byr undir báða vængi. Sama má segja um atriðið á kaffihúsinu, leikmyndin nánast bauð manni að vera með, og fjörið þar, sem var undirstrikað með markvissri lýsingu Björns Bergsteins Guðmundssonar, var ekkert venjulegt. Í stuttu máli var þetta frábær skemmtun og er La Bohème sennilega ein allra besta sýning sem Íslenska óperan hefur sett upp.

**Jónas Sen**

**Íslenska óperan sýnir:** La Bohème eftir Giacomo Puccini. **Leikmynd:** Finnur Arnar Arnarson. **Búningar:** Þórunn María Jónsdóttir. **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson. **Hljómsveitarstjóri:** Tugan Sokhiev. **Leikstjóri:** Jamie Hayes.

Myndlist

# Hljómur landsins

Í eðli sínu eru einsmannssöfn nítjándu aldar fyrirbæri; eftirhreytur rómantískrar aðdáunar á stórsnillingum í myndlist, hverra sköpunargáfa var talin yfirskyggja aðra listamenn. Í seinni tíð hefur trúin á stórsnillingana lotið í lægra haldi fyrir lýðræðishugmyndinni og pólitískum réttrúnaði, svo ekki sé minnst á póstmóderníska efahyggju. Því eiga einsmannssöfn víða um heim í erfiðleikum með að réttlæta tilveru sína. Sum hafa verið aflögð og önnur sameinuð stærri söfnum, en nokkrum hefur tekist að víkka starfsgrundvöll sinn án þess að glata sjálfstæði sínu. Tvö íslensk einsmannssöfn eru meðal þeirra síðastnefndu, listasöfn myndhöggvaranna Ásmundar Sveinssonar og Sigurjóns Ólafssonar.

Mig minnir að hið síðarnefnda hafi átt frumkvæði að vel heppnuðum „samræðum“ núlifandi þrívíddarlistamanna við arfleifð Sigurjóns, og um nokkurt skeið hefur safn Ásmundar staðið fyrir ámóta stefnumótum í ranni myndhöggvarans við Sigtún.

Í heildina séð hafa þessar sýningar verið afdrifamiklar og gagnlegar aðdáendum listamannanna. Beinn samanburður nýrra verka og gamalla hefur aukið á skilning okkar á eðlisþáttum þeirra, hafa oftlega tæpt á nýjum skilningi á verkum Ásmundar og um leið auðveldað áhorfendum aðgengi að verkum yngri starfsbræðra hans. Sömuleiðis hafa yngri listamenn stundum verið fundvísir á athyglisverð verk eftir Ásmund sem sjaldan eða aldrei hafa verið sýnd, þar sem þau hafa verið á skjön við viðtekna ímynd hans.

## Grjót Páls

Núverandi samræður þeirra Páls Guðmundssonar frá Húsafelli og Ásmundar Sveinssonar eru einkar vel heppnaður „framníngur“, jafnvel þótt beinn samanburður á verkum beggja sé þar í lágmarki. Sömuleiðis fer litríkt grjót Páls betur í björtum salarkynnum safnsins en flest annað sem þar hefur verið sýnt.

Það sem Páll gerir hér framar öðru – og hefur sennilega alltaf gert – er að kallast á við sömu öfl og Ásmundur: náttúruna, náttúruvætti og náttúrutengdar þjóðsögur, og bera útkomuna saman við nokkur vel valin verk Ásmundar. Þannig gefur hann tóninn með eins konar baktjaldi, ógnarlangri vatnslitamynd af fjallahringnum uppi í Borgarfirði, sem liggur eftir hvelfdum veggnum í meginsalnum; þar er komin uppsprettan. Sömuleiðis hnykkir Páll á náttúrutengslum beggja með því að sýna nokkra steina sem Ásmundur sankaði að sér og lagaði til, ásamt með grjóti sem hann sjálfur raðar saman í hljómborð; í báðum tilfellum á sér stað umbreyting efnis í eins konar andans smíð, hljóm landsins. Út af fyrir sig er þetta ekki nýr skilningur á verkum Ásmundar, en verður stundum út undan í umfjöllun um helstu áhrifavalda í list hans.

Áhrifamestir eru „hljómleikar“ þessara starfsbræðra í kúlunni uppi, ekki síst vegna þess hve bergmálið er þar einkennilegt. Hvert skref myndar hljóð sem minnir á vængjablak, og sjálf verkin eru eins og minnisvarðar um forna helgiathöfn, ritúal, sem yfirgefin hefur verið í miðju kafi.

**Aðalsteinn Ingólfsson**

Fjöll rímar við tröll stendur til 29. apríl. Safnið er opið kl. 13–16 alla daga.




**Páll Guðmundsson: Flautuleikarinn**
*Í verkum sínum kallast hann á við sömu öfl og Ásmundur.*

ps

## DV-höfundar

Það er merki um fáfræði hjá „pottverja“ Dags á föstudaginn (sem ekki lætur nafns síns getið) að gefa í skyn að Vilborg Dagbjartsdóttir skáld, Gunnar Hersveinn, heimspekingur og blaðamaður á Morgunblaðinu, og Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur hafi tilnefnt skáldsögu Mikaels Torfasonar, Heimsins heimskasti pabbi, vegna þess að hann skrifi þar um DV (heldur illa raunar!) og hafi verið innanbúðarmaður á blaðinu. DV hefur þriggja manna dómnefndir, að öllu eða mestu leyti skipaðar utanblaðsfólki, einmitt til að gera svona dylgjur marklausar.





En ef við vildum hygla okkar fólki þá hefðu fimm tilnefningar varla nægt í ár því auk Mikaels gáfu ýmsir fyrrverandi starfsmenn DV út bækur, m.a. Auður Jónsdóttir, Vilborg Davíðsdóttir, Ólafur Gunnar Guðlaugsson og sjálfur ritstjóri Dags, Elías Snæland Jónsson. Meðal núverandi og fyrrverandi gagnrýnenda og pistlahöfunda blaðsins eru líka góðir höfundar með nýjar bækur, til dæmis Birgir Sigurðsson, Rúnar Helgi Vignisson, Þorsteinn Guðmundsson, Pétur Gunnarsson og Guðbergur Bergsson. Og hver veit nema fröken Stella Blómkvist leynist meðal fyrrverandi eða núverandi starfsmanna DV...

## „Scandinavia on Stage“

Það á að efna til mikillar kynningar á norrænni leikritun í Scandinavia House í New York 19. og 20. apríl næstkomandi og rausnarskapurinn er slíkur að þangað er boðið 20 leikskáldum, fjórum frá hverju Norðurlandanna – nema fimm frá Íslandi vegna þess að fyrirlesarinn íslenski, Hávar Sigurjónsson, er bæði leikhúsfræðingur og leikskáld. Einnig er boðið einum leikstjóra/leikhússtjóra og varð Guðjón Pedersen fyrir valinu. Leikskáldin sem héðan fara eru Hrafnhildur Hagalín Guðmundsdóttir, Ólafur Haukur Símonarson, Þorvaldur Þorsteinsson, Ólafur Jóhann Ólafsson og Árni Ibsen.





Fjölda bandarískra leikhúsmanna verður boðið á kynninguna, leikstjórum, leikurum, dramatúrgum, framleiðendum og gagnrýnendum, og þarna verða fyrirlestrar, umræður og pallborð þar sem leikskáldin sitja fyrir svörum, svo eitthvað sé nefnt. Þá verður u.þ.b. 10 mínútna leiklestur eða upplestur úr fjórum leikritum frá hverju landi. Binda menn talsverðar vonir við að áhugi vakni á norrænni samtímaleikritun við þessa aðgerð.

## Þjónusta

Jafnvel leiðarahöfundi Morgunblaðsins blöskrar umræðan um listrýni sem blossað hefur upp þessa útmánaðadaga, og í gær sér hann ástæðu til að taka fram að öll listrýni sé þjónusta við lesendur blaðsins og ekki ætluð listamönnunum sjálfum frekar en verkast vill. List sem borin er á borð opinberlega er ætluð almenningi (öfugt við það sem fólk gerir í heimahúsum eða felur ofan í skúffu) og ef það er frétt í viðburðinum þá segja fréttamiðlar frá honum. Með leiklist er þetta augljós þjónusta líka: leiksýningarnar halda áfram og lesendur blaðsins vilja gjarnan fá viðbrögð til þess valinna einstaklinga svo að þeir geti betur séð hvort þetta sé eitthvað fyrir sig eða ekki. Myndlistarsýningar standa líka í nokkurn tíma, en tónleikar eru oftast aðeins haldnir einu sinni þannig að ekki telst það bein þjónusta við lesendur að fjalla um þá. En vissulega geta þeir verið fréttnæmir fyrir því.

Öllum er frjálst að lesa eða lesa ekki það sem blöðin birta. Ég les til dæmis aldrei nokkurn tíma fréttir af verðbréfamörkuðum. Fréttir af listviðburðum koma líka fram í tilkynningum og viðtölum við listamenn sem eru að undirbúa listviðburð svo vel má sleppa að lesa gagnrýnina ef manni leiðist hún.